



Svava S. Steinarsdóttir, heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, segir að þegar svifryk sé eins mikið og verið hafi í Reykjavík fyrir helgi sé ástandið orðið alvarlegt. Agnir geti komist í blóðið og aukið líkur á blóðtöppum og jafnvel hjartaáföllum. „Mengunin sem við sjáum núna er aðallega í nágrenni við stofnbrautir en ekki við íbúagötur.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Gefur Rússum frest út daginn

**BRETLAND** Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, gefur Rússum frest til loka dagsins í dag til að skýra hví rússneskt taugaeitur hafi verið notað á breskri grund. Rússar líkja viðbrögðunum við sirkus. —jóe / sjá síðu 8

## Umboðsmaður áhyggjufullur

**STJÓRNSÝSLA** Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, hefur áhyggjur af aðgengi venjulegs fólks að dómstólum vegna mikils kostnaðar. Hann boðar skýrslu um upplýsingagjöf stjórnvalda sem bregðist seint við óskum. —áa / sjá síðu 4

# Þeir viðkvæmustu séu ekki fangar svifryksins

Það þarf að takmarka umferð þegar svifryksmengun er mikil, segir umhverfisráðherra. Líka þurfi að rykbinda og hreinsa götur betur. Frumvarp samgöngu- og auðlindaráðherra gerir ráð fyrir að leggja megi gjald á nagladekk og að götum sé lokað.

**UMHVERFISMÁL** „Það má ekki verða þannig að þeir sem eru viðkvæmastir fyrir svifryki verði eins konar fangar mengunarinnar. Að einu aðgerðirnar sem við grípum til þegar svifryksmengunin er mikil sé að segja þeim að halda sig innandyra,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra.

Sex daga á þessu ári hefur svifryksmengun farið upp fyrir sólarhringsheilsuörk í Reykjavík. Í fyrra gerðist það í 17 daga.

Guðmundur Ingi segir að eðlilegt

sé að horfa til úrræða eins og að takmarka umferð. „Ég vil að við getum snúið þessu við og rétt eins og það eru takmarkanir á umferð þegar veður er slæmt séu takmarkanir á umferð er mengun er mikil.“

Í drögum að frumvarpi Sigurðar Inga Jóhannssonar, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, til breytinga á umferðarlögum er heimild fyrir sveitarfélög til að leggja á allt að 20 þúsund króna gjald á bíla á nagladekkjum. Loka megi götum ef svifryksmengun mælist yfir mörkum.

Guðmundur Ingi bendir líka á að heilbrigðisnefndir sveitarfélaga eigi að gera aðgerðaráætlanir um skammtímaaðgerðir. Umhverfisstofnun vinni nú að leiðbeiningum um þetta í samræmi við áætlun um loftgæði. „Ég tel að ef við sjáum þessar breytingar verða núna alveg á næstunni séum við með fleiri úrræði í höndunum. En það sem er líka hægt að gripa til eru aðgerðir eins og að rykbinda eða að hreinsa göturnar betur. Það þarf að vera blanda,“ segir umhverfisráðherra. —jhh / sjá síðu 6

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Eyþór Arnalds vill aðgerðir gegn svifryksmengun. **10**

**SPORT** Jón Axel verður fyrsti Íslendingurinn sem tekur þátt í March Madness. **12**

**TÍMAMÓT** Árið 1982 var fyrsta beina útsendingin frá enska boltanum. Leikurinn fór í framhengingu og útsendingin var þá rofin. **14**

**LÍFID** Alexander Sigurður er einn af fáum karlkyns förðunarfræðingum landsins. **38**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**  
● FÓLK  
● HEILSURÆKT

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




# UPP MED SOKKANA

Pantaðu þitt par í vefverslun okkar á [mottumars.is](http://mottumars.is)



MOTTUMARS

## Veður



Bjart veður um landið vestan- og norðanvert, en skýjað og dálítill el suðaustan- og austanlands. Allvíða frostlaust yfir daginn á Suður- og Vesturlandi, annars frost að 10 stigum, kaldast í innsveitum fyrir norðan. **SJÁ SIÐU 16**

## Stundarritstjóri hjólar í dómara

**DÓMSMÁL** Landsréttur hefur fellt úr gildi 1,5 milljónar málskostnaðartryggingu sem Héraðsdómur Reykjavíkur gerði Emmu Caroline Fernandez að setja að kröfu Hjálmaris Friðrikssonar og Stundarinnar.

Emma, sem er læknir, var 2016 í Ungverjalandi dæmd í fimm ára skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa byrjað skólasystur sinni svefnlyf og barið hana í höfuðið með hamri.

Árangurslaust fjárnám var gert hjá Emmu í upphafi árs. Mál hafa verið höfðuð gegn henni vegna vanskila. Því féllst héraðsdómari á kröfu Stundarinnar um málskostnaðartryggingu.



Jón Trausti Reynisson

Í úrskurði Landsréttar segir að þótt Emma sé líklega ekki borgunarmaður málskostnaðar, tapi hún málinu, þá myndi tryggingin takmarka stjórnarskrárvarinn rétt hennar til að fá lausn fyrir dómstólum. Var einnig vísað til dóms Mannréttindadómstóls Evrópu.

„Dómarrinn í málinu er Jón Finnbjörnsson, sem Stundin hefur fjallað ítrekað um, vegna þess að Sigríður Andersen dómsmálaráðherra ákvað að skipa hann dómara þótt hann væri metinn 30. hæfasti umsækjandi, langt frá þeim fimmtán hæfustu sem óháð dómnefnd valdi. Hann er eiginmaður fyrrverandi samstarfskonu dómsmálaráðherra til margra ára, sama ráðherra og skipaði hann með ólögmatum hætti,“ skrifar Jón Trausti Reynisson, ritstjóri Stundarinnar, á Facebook vegna málsins.

„Þetta er annað málið sem sami dómari dæmir gegn Stundinni á innan við ári, eftir að umræður höfust um skipun hans,“ bætir Jón við. – **joe**


## Góðir dagar undir glerinu



Þeir stækka ört græðlingarnir hjá Þorvaldi Snorrasyni garðyrkjufræðingi og starfsfólkinu í Flóru í Hveragerði. „Það er góður vöxtur undir gleri er sólin skín eins og hún hefur gert síðustu daga,“ segir Þorvaldur sem, líkt og gróðurinn, hefur notið bliðunnar sem verið hefur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

## Sverrir Hermannsson látinn

Sverrir Hermannsson, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, lést í gær, 88 ára að aldri. Sverrir var sonur Hermanns Hermannssonar og Salóme Rannveigar Gunnarsdóttur. Hann var stúdent frá MA og viðskiptafræðingur frá HÍ.



Sverrir sat á Alþingi 1971 til 1988 fyrir Sjálfstæðisflokkinn og Frjálslynda flokkinn 1998 til 2003. Hann var iðnaðarráðherra 1983 til 1985 og menntamálaráðherra 1985 til 1987. Sverrir var Landsbankastjóri 1988 til 1998.

Sverrir kvæntist Gretu Lind Kristjánsdóttur 1953. Hún lést 2009. Þau eignuðust fimm börn og eina fósturdóttur.

## Gylfi hringdi í Sólveigu en framtíð hans óráðin

Forseti ASÍ, Gylfi Arnbjörnsson, ræddi við nýjan formann Eflingar í gær eftir utanferð. Tekur ekki ábyrgð á túlkun á þögn hans eftir kjörið. Niðurstaðan sé flott fyrir Sólveigu Önnu. Enn sé óákveðið hvort hann sækist eftir endurkjöri.

**KJARAMÁL** „Þetta var hennar kosningasigur og ég vildi bara leyfa henni að eiga þessa viku,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sem kveðst hafa hringt í Sólveigu Önnu Jónsdóttur, nýkjörinn formann Eflingar stéttarfélag, og óskað henni til hamingju með sigurinn. Gylfi hefur ekki tekið ákvörðun um hvort hann gefi kost á sér til endurkjörs á Alþýðusambandsþingi í haust.

Nokkuð hefur verið fjallað um þögn Gylfa og fráfarandi formanns, Sigurðar Bessasonar, í garð Sólveigar eftir sigur hennar á miðvikudag. Sólveig staðfesti við Fréttablaðið.is að hvorugur hefði þá haft samband við hana eftir sigurinn, nokkuð sem henni þótti svolítið skrytið.

Gylfi kveðst í samtali við Fréttablaðið hafa verið staddur í Bandaríkjunum og því ekki gefið sér tíma til að setja sig í samband við Sólveigu Önnu, en segir mönnum frjálst að túlka að vild. „Ég ætla ekki að bera ábyrgð á því hvornig menn hafa lesið í þessa þögn.“

Gylfi segir sigur Sólveigar vissulega hafa verið glæsilegan og ljóst að verkefnið fram undan séu ærin.

„Ég fagna því að fólk komi til starfa á vettvangi hreyfingarinnar fullt af eldmóði. Það er mikilvægt fyrir hreyfinguna. Hér er kominn nýr forystumaður að taka við Eflingu, sem er okkar næststærsta félag og þetta er flott niðurstaða fyrir hana.“

Bandalag tveggja stærstu stéttarféлага ASÍ, VR og Eflingar, í félagi við Framsýn á Húsavík og Verkalýðsfélag Akraness þýðir að félögin eru samanlagt með ríflega 53 prósent félagsmanna í ASÍ. Forystu-



„Ég fagna því að fólk komi til starfa á vettvangi hreyfingarinnar fullt af eldmóði,“ segir Gylfi Arnbjörnsson. Sigur Sólveigar Önnu Jónsdóttur sé glæstur.

menn þessara félaga hafa þegar rætt saman og stillt saman strengi sína en þeir hafa undanfarin ár eldað grátt silfur við Gylfa Arnbjörnsson og forystu ASÍ.

Kjör Sólveigar Önnu gæti því hafa verið síðasta þúlið í að breytingar kunni að vera í farvatninu í forystu ASÍ á Alþýðusambandsþingi í haust. Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, hafði lýst því yfir fyrir kosningarnar í Eflingu að ef Sólveig næði kjöri yrði Gylfa ekki stætt lengur sem forseta ASÍ.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, fagnaði

því í pistli á heimasíðu félagsins að nú hefði nýr meirihluti náð yfirhöndinni innan ASÍ.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins innan úr verkalýðshreyfingunni lita margir svo á að Gylfi sjái sæng sína upp reidda innan ASÍ. Gylfi kveðst enga ákvörðun hafa tekið um framtíð sína sem forseta.

„Ég hef ekki tekið neina ákvörðun um það. Ég er alveg hætta að hafa úthald í að tjá mig um það þegar Ragnar Þór Ingólfsson finnur sér tilefni til að hafa skoðun á mér. Ég ætla ekki að elta ólar við það.“

mikael@frettabladid.is

Hefur þú prófað Nicorette  
**Cooldrops**  
munnsogstöflurnar?

Draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum

Hentar þeim sem vilja reykja minna eða hætta reykningum alveg

Tvöfalt mintulag, þ.e. bæði í töfluhúð og í töflukjarna



**nicorette**  
gerðu eitthvað magnað

Nicorette® Cooldrops munnsogstöflur (innihalda nikótín) eru notaðar við tobáksfíkn. Þær draga úr fráhrarfseinkennum vegna nikótíns og reykningabörf hjá reykningafólki 18 ára og eldra. Munnsogstafli er látin leysast upp í munni. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lýfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).

IS/NIC/LUK-2018-02-3

**i** PERFORMANCE



Sheer  
Driving Pleasure



# FJÓRHJÓLADRIF. KNÚIÐ AF RAFMAGNI.

**BMW 225xe xDrive EXCLUSIVE, sjálfskiptur,  
plug-in hybrid. Verð: 5.350.000 kr.**

Aukabúnaður í EXCLUSIVE útgáfu: Sensatec leðuráklæði, LED aðalljós, rafdrifin framsæti, sjálfvirkur „Leggja í stæði“ búnaður, skyggðar rúður, HIFI 9 hátalara 205W hljómkarfi, lykillaust aðgengi, rafdrifinn afturhleri, snertilaus opnun/lokun á afturhlera, 17" álfelgur, állistar í kringum rúður og þakbogar.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



# Þriðjungur sendiherra í íslensku utanríkisþjónustunni eru konur

**STJÓRNSÝSLA** „Af 37 starfandi sendiherrum eru aðeins þrjár fyrrverandi stjórnmalamenn“, segir Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra.

Að sögn Guðlaugs er fjarri lagi að um sé að ræða ráðstöfunarskúffu ráðherra eða að vilji ráðuneytisins standi til þess, eins og haft var eftir Guðmundi Steingrímssyni, fyrrverandi alþingismanni, í Fréttablaðinu 8. mars. Í frétt þá var víkið að þeim tilmælum Ríkisendurskoðunar til ráðuneytisins að íhuga að beita sér fyrir lagabreytingu til að aug-

lýsa megi sendiherrastöður og neikvæðum viðhorfum ráðuneytisins til þeirra tilmæla. „Það er hvergi gert okkur vitandi, nema þá í auglýsingaferli innan utanríkisþjónustu ríkjanna“, segir Guðlaugur.

Ráðherrann segir ráðuneytið hafa aukið gagnsæi, meðal annars með skýrara framgangsferli starfsmanna í utanríkisþjónustunni og með því að sendiherrar sem halda utan komi fyrir utanríkisráðgjafnefnd.

„Þá var staða rekstrarstjóra ráðuneytisins auglýst í fyrsta sinn og

hefur nú verið ráðið í þá stöðu,“ segir Guðlaugur.

Ráðherrann segir engan sendiherra hafa verið skipaðan í sinni ráðherratíð. Sendiherrum hafi fækkað um þrjá. „Svo er ánægjulegt að hlutfall kvensendiherra hefur aldrei verið hærra, eða 32 prósent.“

Af 37 sendiherrum voru 22 skipaðir á undanföllum áratug og helmingur þeirra á árunum 2014 til 2016. Í ráðuneytinu starfa 15 sendiherrar en 18 þeirra á sendiskrifstofum víða um heim. Fimm sendiherranna eru

**Af 37 starfandi sendiherrum eru aðeins þrjár fyrrverandi stjórnmalamenn.**

Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra



í leyfi vegna starfa hjá alþjóðastofnunum og öðrum ráðuneytum.

Í umsögn utanríkisráðuneytisins við frumvarp um auglýsingaskýldu vegna lausra embætta sendiherra frá 2015 kemur fram að stærsti hluti sendiherraefnanna sé úr röðum reynslumeiri starfsmanna utanríkisþjónustunnar.

Þá hafi utanríkisþjónustan góða reynslu af því að leita út fyrir raðir utanríkisþjónustunnar eftir sendiherraefnum sem búa yfir sambærilegri þekkingu og reynslu. – að



Sjúklingur fær gífs á bráðamóttöku Landspítalans. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fimm dagar á bráðamóttöku

**HEILBRIGÐISMÁL** Dæmi eru um að sjúklingar hafi þurft að bíða í allt að fimm sólarhringa á bráðamóttöku eftir viðeigandi legurými á almennri deild. Vegna skorts á hjúkrunarfræðingum voru 35 rými lokað á spítalanum og nýlega þurfti að loka tveimur gjörgæslurýmum af sömu ástæðum. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra kynnti grafalvarlega stöðu gjörgæsludeildarinnar á fundi ríkisstjórnarinnar í lok síðustu viku.

Auk erfiðleika vegna skorts á hjúkrunarfræðingum hefur Landspítalinn bent á aukið álag vegna fjölgunar ferðamanna en á síðasta ári voru 17 prósent legudaga á gjörgæslu vegna ferðamanna. – jhh

## Seldu þriðjungs hlut í Völku

**VIÐSKIPTI** Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og framtakssjóðurinn Frumtak hafa selt 37 prósent hlut sinn í háæknifyrirtækinu Völku ehf.

Í tilkynningu segir að Valka sé leiðandi á heimsvísu í þróun og sölu á tækni fyrir sjávarútveg. Fyrirtækið var stofnað árið 2003 í bílskúr Helga Hjálmarssonar, framkvæmdastjóra Völlu. Hjá því starfa nú um sextíu manns og viðskiptavinir eru víða um heim.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins gerðist hluthafi í Völku 2008 og Frumtaksi á árinu 2011. – jhh

# Umboðsmaður hefur áhyggjur af aðgengi fólks að dómstólum

Umboðsmaður Alþingis hefur áhyggjur af aðgengi venjulegs fólks að dómstólum vegna mikils kostnaðar. Hann segir mikilvægt að tilmælum sínum til stjórnvalda sé hlýtt. Hann hvetur frjáls félagasamtök til að láta meira í sér heyra og boðar skýrslu um upplýsingagjöf stjórnvalda sem bregðist illa og seint við óskum.

**STJÓRNSÝSLA** „Ég get endurtekið þær áhyggjur sem ég hef áður lýst, af aðgengi borgaranna hér á landi að dómstólunum,“ sagði Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, á opnum fundi með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd í gær.

Fundurinn var haldinn vegna skýrslu umboðsmanns fyrir árið 2016 sem birt var haustið 2017 en vegna kosninga til Alþingis síðastliðið haust dróst fundur umboðsmanns um skýrsluna með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

Í skýrslunni segir að grundvallarforsenda þess að úrræði borgaranna til að leita til umboðsmanns sé virkt, sé að stjórnvöld fylgi tilmælum umboðsmanns. Ítrekaði umboðsmaður þetta. Markmiðið með þessu úrræði sé að greiða götu borgara með einföldum hætti og án kostnaðar.

„Mér þykir miður að fólk hafi, til dæmis vegna mistaka sem við höfum lýst, þurft að fara í dómstól en það kostar það verulega fjármuni.“

Tryggvi lýsti því að málshöfðun væri ekki á hvers manns færi. „Því miður held ég að sá fjárhagslegri baggi sem af því leiðir og hinn fjárhagslegi þróskuldur sé meiri en svo, að það sé oft og tíðum ekki á færi venjulegra Íslendinga að fara þá leið.“

Á fundinum sagði Tryggvi að frjáls félagasamtök væru ekki nægilega dugleg að láta í sér heyra gagnvart stjórnvöldum. Hann vísaði bæði til félagasamtaka borgara sem mynduð eru um ákveðna hagsmuni og hópa en ekki síður félög atvinnurekenda.

„Mér er ekki grunlaust um að í síðara tilvikinu sé einhver hræðsla sem



Tryggi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, segist stundum hafa fengið bágt fyrir störf sín hjá fyrirsvarsmönnum stofnana ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hamlar og ég hef hvatt fyrirsvarsmenn þessara félaga til að ef þeir telji að einhverja hluta vegna sé ekki staðið rétt að hlutum þá eigi þeir að láta í sér heyra,“ sagði umboðsmaður og bætti við:

„Ég hef stundum fengið bágt fyrir það hjá fyrirsvarsmönnum stofnana

ríkisins en ég ítreka það að ég kysir að það væri meira um það að félagasamtök létu í sér heyra.“

Umboðsmaður sagði skýrslu væntanlega frá honum vegna frumkvæðisathugunar um upplýsingagjöf stjórnvalda. Þrátt fyrir nýlega endurskoðun upplýsingalaga virt-

**Svo er ekkert launungarmál að fjölmiðlafólk hefur verið afskaplega ósátt við aðgengi sitt að upplýsingum.**

Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis

ust stjórnvöld bæði taka mjög lítið frumkvæði í að veita upplýsingar og bregðast illa við upplýsingabeidnum fyrir en tekið væri af skarið og upplýsingar veittar, að láta fyrst reyna á rétt borgaranna til upplýsinga hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál. Hann nefndi langan afgreiðslutíma hjá úrskurðarnefndinni og fór yfir óánægju fjölmiðla þar að lútandi.

„Svo er ekkert launungarmál að fjölmiðlafólk hefur verið afskaplega ósátt við aðgengi sitt að upplýsingum og möguleika til að fá gögn og við stöðuna á málum varðandi úrskurðarnefndina og þann tíma sem þessi mál taka,“ sagði Tryggvi og hvatti til þess að allir legðust á árar um að flýta málsmeðferð nefndarinnar.

adahlheidur@frettabladid.is



**Jeep**

ALLT SEM ÞÚ ÞARFT Í JEPPA

**COMPASS**

LITLI BRÓÐIR GRAND CHEROKEE

DÍSEL 2.0L 140 HÖ. EÐA 170 HÖ. 9 GÍRA SJÁLFSKIPTING ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF MEÐ 4 DRIFSTILLINGUM

Select-Terrain™ fjórhjóladrif með 4 drifstillingum, árekstravörn, akgreinaaðstoð, leður/tauklæði, hiti í stýri og framsætum, hraðastillir, snertiskjár, regnskynjari, LED ljós að framan og aftan, Bluetooth, leðurklætt aðgerðarstýri, varadekk í fullri stærð, 17" álfelgur o.fl. Einnig fánlegur með 170 hö. bensínvél, sjálfskiptur.

VERÐ FRÁ 5.890.000 KR.

# NÝLEGIR BÍLAR ENN Í ÁBYRGÐ

WWW.BILALAND.IS



NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ YNGJA UPP. BÍLALAND BYÐUR NÝLEGA BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM!  
KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR EINN NÝLEGAN SEM ER ENN Í ÁBYRGÐ.



NISSAN Juke Acenta 2wd  
Nýskr. 07/16, ekinn 18 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**2.790 þús. kr.**



HONDA CRV Lifestyle  
Nýskr. 01/16, ekinn 83 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**3.490 þús. kr.**



HYUNDAI Tucson Comfort  
Nýskr. 06/16, ekinn 51 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**4.390 þús. kr.**



**KAUPAUKI**  
DRÁTTARBEISLI + SKOTTMOTTA  
FYLGIR NOKKRUM VÖLDUM KADJAR

RENAULT Kadjar Zen 4wd  
Nýskr. 04/17, ekinn 26 þ.km,  
dísil, beinskíptur.

VERÐ:  
**3.950 þús. kr.**



SUBARU Outback Premium  
Nýskr. 07/17, ekinn 20 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**5.290 þús. kr.**



RENAULT Zoe Intens  
Nýskr. 03/17, ekinn 21 þ.km,  
rafmagn, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**2.990 þús. kr.**



NISSAN X-Trail Acenta 2wd  
Nýskr. 02/17, ekinn 11 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**4.690 þús. kr.**



**KAUPAUKI**  
DRÁTTARBEISLI + SKOTTMOTTA  
FYLGIR NOKKRUM VÖLDUM BMW X1

BMW X1 Xdrive18d  
Nýskr. 04/17, ekinn 29 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**4.990 þús. kr.**



SUBARU Forester Premium  
Nýskr. 02/17, ekinn 48 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**4.490 þús. kr.**



NISSAN Pulsar Acenta  
Nýskr. 02/16, ekinn 24 þ.km,  
dísil, beinskíptur.

VERÐ:  
**2.490 þús. kr.**



ISUZU D-Max LUX  
Nýskr. 05/17, ekinn 5 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**6.290 þús. kr.**



HYUNDAI I20 Premium  
Nýskr. 01/17, ekinn 17 þ.km,  
bensín, beinskíptur.

VERÐ:  
**2.290 þús. kr.**



DACIA Duster 4x4  
Nýskr. 01/17, ekinn 24 þ.km,  
dísil, beinskíptur.

VERÐ:  
**2.890 þús. kr.**



KIA Sportage EX  
Nýskr. 03/17, ekinn 48 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**4.690 þús. kr.**

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is  
www.bilaland.is

Opið frá kl. 9-18 og  
á laugardögum frá kl. 12-16.

www.facebook.com/bilaland.is

**bilaland**



### VW Tiguan R-Line

2.0 TDI

2015

Ekinn **43.000****4.250.000** KR

A



4x4

Raf / Bensín   
 Ekinn þús. km.   
 Myndir á vef   
 Dísil   
 Fjór hjóladrif   
 Metan & bensín   
 Sjálfskiptur   
 Beinskíptur   
 Rafmagnsbíll 

## Nokkrir góðir með netta reynslu

Fleiri bílar og myndir á netinu: [hnb.is](http://hnb.is)



### VW Tiguan Track&Sport 2.0 TDI

2012 **2.590.000** KR

93



A



4x4



### Mitsubishi Outlander 4x4 Intense

2015 **2.940.000** KR

91



A



4x4



### Skoda Yeti Ambition 2.0 TDI

2011 **1.450.000** KR

142



H



4x4



### Audi Q5 Quattro 2.0 TDI

2014 **5.590.000** KR

36



A



4x4



### VW Golf Variant Alltrack 4Motion

2016 **4.690.000** KR

22



A



4x4



### Skoda Octavia Combi Ambiente 2.0 TDI

2013 **2.240.000** KR

96



A



4x4

## NOTAÐIR HEKLA BÍLAR

Klettháls 13 · [hnb.is](http://hnb.is) · 590 5040

Volkswagen



SKODA



MITSUBISHI MOTORS

## Skálað fyrir stjórninni



Ný ríkisstjórn tók formlega við í Þýskalandi í gær þegar stjórnarsáttmáli Kristilegra demókrata og Sócialdemókrata var undirritaður. Eftir að leiðtogar fylkinganna höfðu krotað undir var boðið upp á pylsur og vín. Angela Merkel verður kanslari fjórða kjörtímabilið í röð og hefur ástæðu til að fagna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Varhugavert að fara út að skokka á verstu dögum


Sex daga í ár hefur svifryk í Reykjavík farið yfir sólarhringsheilsuþörf. Svifrykið getur aukið líkur á blóðþöppum og hjartaáföllum. Lagasetningu þarf til að hægt sé að draga úr umferð. Unnið er að breytingum á umferðarlögum.

**UMHVERFISMÁL** Sex daga í ár hefur svifrykið í Reykjavík farið yfir sólarhringsheilsuþörf. Allt árið í fyrra voru það sautján dagar þar sem svifrykið fór yfir mörkin.

Svava S. Steinarsdóttir, heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, segir að til skamms tíma hafi þetta ekki verið á þá sem eru við góða heilsu. En þegar svifrykið er komið yfir 300 mikrógrömm á rúmmetra, eins og var fyrir helgi, sé ástandið orðið alvarlegt. Þá geti jafnvel heilbriggt fólk farið að finna fyrir óþægindum.

„Þá sérstaklega þegar þú ert að reyna á þig, til dæmis þegar þú ert að skokka. Þá tekurðu inn meira súrefni og þá getur fólk sem er hraust farið að finna ertingu í öndunarferum,“ segir Svava. Þessar aðstæður hafi þó meiri áhrif á þá sem eru veikir fyrir, með astma eða lungnasjúkdóma, hjarta- og æðasjúkdóma. Þessar agnir geta komist inn í blóðið og rannsóknir benda til að svifrykið geti þá aukið líkur á blóðþöppum og jafnvel hjartaáföllum.

Svava segir að gerðar hafi verið rannsóknir á samsetningu svifryks í Reykjavík. Þær sýni að helmingurinn af svifrykinu sé malbiksgagnir. „Öll umferð slitir yfirborði vega, en nagladekkinn slíta malbikinu mun meira og eru þar áhrifavaldur,“ segir



Ráðgert er að sveitarfélög geti tekið gjald vegna nagla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Svava, en bendir líka á að í rykinu er sót, sem kemur mest frá dísilbifreiðum og frá útblæstri bifreiða yfirleitt. „Síðan eru slitnir bremsuborðar, hjólborðar og annað slíkt, salt og jarðvegsefni. Það hefur verið hálfuvarið í vetur og það efni er á götunum auk niðurbrotins malbiks,“ segir Svava. Þegar lyngt er og búið að vera lengi þurr þylrar umferðin upp rykinu. „Mengunin sem við sjáum núna er aðallega í nágrenni við stofnbrautir en ekki við íbúagötur þar sem umferðin er minni.“

Svava segir að til þess að vinna gegn svifryksmengun þurfi að draga úr umferð. Fyrir því skortir lagaheimild, en til umsagnar í samgönguráðuneytinu eru drög að frum-

varpi um breytingar á umferðarlögum þar sem á að veita heimild til slíks. Í því myndi felast meðal annars heimild fyrir sveitarfélögum til gjaldtöku á nagladekkjum og til að draga úr umferð á tilteknum stöðum á tilteknum tímum.

Svava bendir á til viðbótar að hægt væri að draga úr hámarks hraða, en þeirri aðferð hafi verið beitt erlendis. Önnur leið sé að draga úr umferðarmagni. „Sumar borgir hafa til dæmis haft það þannig að einhverja ákveðna daga mega bara keyra bílar sem eru með oddatölur aftast í bílnúmerinu,“ segir Svava. Enn ein leiðin væri að setja takmarkanir á þunga bifreiða, því þyngri bifreiðir þylra upp meira ryki. [jonhakon@365.is](mailto:jonhakon@365.is)



# Þú afgreiðir framtalið þitt á aðeins **fimm** mínútum

## Skilafresti lýkur 13. mars

Á Íslandi sparar rafræna tæknibyltingin framteljendum mikinn tíma frá því sem áður var. Nú geta fjölmargir yfirfarið skattframtalið sitt á örfáum mínútum. Framtalið þitt er tilbúið og aðgengilegt á skattur.is með rafrænum skilríkjum eða veflykli RSK með innsendum upplýsingum frá launagreiðendum, fjármálastofnunum og fleirum.

Aðstoð verður veitt í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:00-15:30. Afgreiðslur eru opnar á sama tíma.

Auk þess verða afgreiðslur RSK á Laugavegi og á Akureyri opnar til kl. 18:00 mánudaginn 12. mars, þriðjudaginn 13. mars og föstudaginn 16. mars.

Framtalsaðstoð er einnig veitt í síma á sama tíma.

**Þú einfaldlega...**

**...opnar framtalið**

**...ferð yfir allar upplýsingar**

**...breytir ef ástæða er til**

**...staðfestir**

# Skripal-leik Rússa og Breta fram haldið

Forsætisráðherra Bretlands tilkynnti þinginu í gær að annaðhvort stæðu Rússar að baki morðtilraun á fyrrverandi njósnara eða að þeir hefðu látið stórhættulegt taugaeitur af hendi. Rússar láta sér fátt um finnast og kalla uppákomuna sirkus.

**BRETLAND** Eitrið sem notað var til að reyna að ráða Sergei Skripal, rússneskan njósnara á eftirlaunum, og dóttur hans af dögum kom frá Rússlandi. Þetta tilkynnti Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, í ræðu á breska þinginu í gær. Talið er að málið geti reynt á þolmörk sambands Breta og Rússa.

Umræddur Skripal og dóttir hans fundust meðvitundarlaus á bekk í Salisbury þann 4. mars síðastliðinn. Þau voru flutt á sjúkrahús en rannsóknir leiddu í ljós að þau höfðu komist í tæri við taugaeitur. Efnið sem var notað er úr hópi svokallaðra „novichok“-efna en þau voru þróuð af Sovétmönnum á áttunda og níunda áratugnum.

„Annaðhvort var þetta bein aðgerð Rússa á breskri grund eða rússnesk stjórnvöld hafa misst stórhættulegt taugaeitur í hendur annarra,“ sagði May í ræðu sinni.

Hún sagði enn fremur að utanríkisráðuneytið hefði verið í sambandi við stjórnvöld í Moskvu út af málinu. Kreml hefði til dagsloka í dag til að senda frá sér „trúverðugt svar“, ella myndu Bretar álykta að um ólöglega notkun valds á erlendri grund hefði verið að ræða. Muni ekkert svar liggja fyrir mun fulltrúadeild breska þingsins ræða málið á fundi á morgun.



**Komist til botns í málinu. Síðan getum við rætt það.**

Vladímír Pútín, forseti Rússlands



Skripal, sem er fæddur árið 1951, starfaði sem njósnari Rússa frá 1990 til ársins 2004. Þá var hann handtekinn af rússneskum öryggis-yfirvöldum þar sem hann stundaði einnig gagnnjósnir fyrir Breta. Hann var sakfelldur fyrir landráð en síðar framseldur til Bretlands í skiptum fyrir rússneska njósnara sem handtekinn höfðu verið af Bretum og Bandaríkjamönnum. Bæði Skripal



Þjóðaröryggisráð Breta fundaði í gær vegna málsins. Hér sést Theresa May forsætisráðherra ihugul að fundinum loknum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

og dóttir hans eru á batavegi og sömu sögu er að segja af lögreglumanni sem hlúði að þeim í Salisbury.

Hingað til hafa stjórnvöld í Moskvu látið kröfur Breta sem vind um eyrun þjóta. Vladímír Pútín, forseti Rússlands, var til að mynda spúrður um hver aðild Rússa að málinu væru. Pútín svaraði spurningunni á þann veg að Bretar þyrftu að „komast til botns í málinu“. Aðeins þá væri hægt að ræða málið.

Maria Zakharova, talsmaður rússneska utanríkisráðuneytisins, bætti um betur að ræðu May lokinni en að hennar mati var um að ræða „sirkus-sýningu í fulltrúadeild breska þingsins“.

Það hefur löngum andað köldu milli ríkjanna tveggja og ekki er talið líklegt að atvikið verði þess valdandi að samskiptin batni. Undanfarna viku hafa ráðamenn sent pillur milli landa. Boris Johnson, utanríkisráðherra Breta, líkti málinu við mál Alexanders Litvinenko en Breta hefur lengi grunað Rússa um að vera á bak við morðið á honum. Fyrirnefnd Zakharova sakaði Breta þá um að nota harmleikinn sem áróðursefni gegn Rússum.

„Hvernig getur maður sem fer með stjórn utanríkismála sent slíkar yfirlýsingar frá sér?“ spurði Zakharova. [joli@frettabladid.is](mailto:joli@frettabladid.is)

## LEIKUM OKKUR MEÐ MENNINGARARFINN



### Námsstefna um leikjavæðingu náttúru- og menningararfs

Borgarbókasafnið | Menningarhús Gerðubergi  
Föstudaginn 16. mars 2018, kl. 9:30–16:00

Þar sem námsstefnan er hluti af CINE-verkefninu sem nýtur styrks úr Norðurslóðaáætlun ESB fer hún að mestu fram á ensku.

#### Aðalfyrirlesari



**The Future of Playing with the Past:  
New Opportunities in Interpreting Cultural Heritage**

**Ed Rodley**

Stjórnandi á sviði miðlunar við Peabody Essex safnið í BNA og fyrrum sýningarhönnuður og -stjóri hjá Tæknisafninu í Boston.

**Ekkert þáttökugjald. Skráning og dagskrá á  
[lets-play-with-heritage.eventbrite.com](http://lets-play-with-heritage.eventbrite.com)**

Skipuleggjendur og styrktaraðilar:



## Náttúruleg vörn gegn óþægindum á kynfærasvæði

Rosonia og Liljonia frá Florealis byggja á vísindalegum grunni og hafa viðurkennda virkni gegn kláða, sviða og bólgum á ytra kynfærasvæði og í leggöngum.

Rosonia og Liljonia má nota saman ef einkenni eru bæði á ytri og innri kynfærum.

Sjá meira á [florealis.com](http://florealis.com)



### Liljonia

Hylki í leggöng



### Rosonia

Fröða fyrir ytri kynfæri





Björgunarmið leitaði að fólki sem hefði komist lífs af í braki vélarinnar eftir að eldur í því hafði verið slökktur. 22 fundust á lífi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ósammála um orsök flugslyss

Mannleg mistök urðu þess valdandi að flugvél hrapaði í Katmandú í gær. Óvíst er hver gerði þau.

**NEPAL** Minnst 49 létust og 22 liggja sárir eftir að flugvél brotlenti á flugvælinum í Katmandú í gær. Flugfélaginu og yfirvöldum ber ekki saman um orsök slyssins.

Vélin, sem gerð var út af bangladesska flugfélaginu US-Bangla, var á leið frá Dakka, höfuðborg Bangladess, til Katmandú. Um Bombardier Q400 vél var að ræða. Slíkar vélar eru Íslendingum að góðu kunnar enda í notkun hjá Air Iceland Connect.

Að sögn flugfélagsins var flugumferðarstjórum í Nepal um að kenna en flugvélin kom til landingar úr

rangri stefnu. Upptökur af samskiptum milli flugmanna og flugturnsins benda til þess að einhver misskilningur hafi átt sér stað.

„Vélin fékk leyfi til að lenda á suðurenda brautarinnar en hún lenti á norðurenda hennar,“ segir Sanjiv Gautam, yfirmaður nepalska flugumferðareftirlitsins. Forráðamenn félagsins segja aftur á móti að flugmennirnir hafi fengið fyrirmæli um að koma inn úr norðri.

Forsætisráðherra Nepal, KP Sharma Oli, hefur fyrirskipað opinbera rannsókn á slysinu. – **jóe**



## Snjallræði Ársfundur Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Fimmtudaginn 15. mars 2018, Hilton Reykjavík Nordica  
Dagskrá hefst 8.30

Húsið opnar kl. 8.00 með morgunverði og ljúfum tónum  
Skráðu þig núna á [www.nmi.is/arsfundur](http://www.nmi.is/arsfundur)

Á að kveða niður mygludrauginn? 22 konur frá 21 landi  
Ratsjá Austurlands Malbik og nagladekk  
Platome - Í blóð borið Ný rannsóknarverkefni í jarðhita  
Genís – frumkvöðull fer að heiman Frumgerðin er forsendan  
Alda Karen Birtingamyndir mengunar Eru hvalir gáfaðir?  
Frá lúpínu til lífhagkerfis Umhverfissvænni álframleiðsla



Nýsköpunarmiðstöð  
Íslands

## FORD FIESTA ER FLOTTUR!

Ford Fiesta hefur verið endurhannaður frá grunni með gjörbreyttum framenda, rennilegum framljósum og straumlínulaga línunum eftir öllum bílunum. Opnaðu dyrnar á Fiesta og þú heillast af vandaðri innréttingunni. Einkenni Ford Fiesta eru ríkulegur staðalbúnaður, frábærir aksturseginnleikar, fimm stjörnu öryggi, hagstætt verð og lágur rekstrarkostnaður.

FORD FIESTA FÆST Í FJÓRUM ÚTGÁFUM  
VERÐ FRÁ:

**2.250.000** KR.

Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford FIESTA



[ford.is](http://ford.is)



Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:  
Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17  
og laugardaga kl. 12-16

## SKOÐUN

## Upplýsingastríð



Kjartan Hreinn Njálsson

kjartanh@frettabladid.is

**B**orgarastyrjöldin í Sýrlandi hefur geislað í sjö ár. Í mars 2011 var fjöldamótmælum, sem beindust gegn ríkjandi valdhöfum, svarað með ofbeldi og síðan þá hefur hörmungunum hvergi linn. Rúmlega hálf milljón manna liggur í valnum. Í kringum 85 prósent þeirra sem farist hafa í átökum stríðandi fylkinga eru óbreyttir borgarar. Helmingur allra Sýrlendinga hefur þurft að yfirgefa heimili sín.

Þeir glæpir sem framdir hafa verið af vígasveitum Assads Sýrlandsforseta eru svívirða. Efnavopnum og klasapringjum hefur verið beitt gegnum borgurum. Skólar, leikskólar og spítalar hafa verið jafnaðir við jörðu, og í þeim umsáturshernaði sem stríðandi fylkingar hafa stundað undanfarin misseri hefur vel ferð íbúa verið hervædd og misnotuð.

Hörmungarnar, mannfyrirlitningin og sú algjöra vanvirða sem grundvallarmannréttindum hefur verið sýnd í átökunum er án fordæma. Þessa mannfyrirlitningu má finna víða í tengslum við átökin í Sýrlandi. Hana er að finna á vígvellinum, þar sem óbreyttir borgarar, lífsnauðsynlegir innviðir og jafnvel sjálfbodaliðar hjálparveita eru skotmörk vígamanna, en einnig í viðbrögðum alþjóðasamfélagsins sem hefur brugðist í hvívetna. Sagnfræðinga framtíðarinnar biður það verðuga verkefni að rýna í það hvernig okkur mistókst svo stórkostlega að koma Sýrlendingum til aðstoðar.


Það upplýsingastríð sem geisar um borgarastyrjöldina er síðan svívirða af öðrum toga. Áróðursvél rússneskra og sýrlenskra yfirvalda hefur sáð fræjum efasemda um flestallt sem viðkemur átökunum og ýtt undir þær með hjálp samsæriskeningasmiða og nettrölla. Tilraunir þessara einstaklinga og hópa hafa sannarlega borið árangur. Öll umræða um átökin í Sýrland er orðin þvæld og nánast óskiljanleg. Í þessari mannfjandsamlegu heimssýn er ekkert til sem heitir Staðreynd, aðeins áróður og sérhagsmunir. Jafnvel Mannréttindaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna lýgur í átökum upplýsingastríðsins þar sem Hvítu hjálmarnir eru málaliðar Al-Kaída.

Þeir sem bera út boðskap rússneskra yfirvalda hafa stuðlað að enn frekara aðgerðaleysi. Almenníngur, sem sannarlega hefur burði til að krefjast aðgerða, hefur nú takmarkaðri aðgang að staðreyndum en áður.

Það er augljóslega margt sem við vitum ekki um átökin í Sýrlandi og eðlilegt er að ræða mismunandi hugmyndir og sjónarmið þegar tilurð og tilgangur þessara flóku, fjölþjóðlegu átaka er annars vegar. Hins vegar er það aðeins til þess fallið að gera illt verra að vilja „opna umræðuna“ með því að hefja hana á forsendum þeirra sem tala fyrir áframhaldandi mannvöngu og hörmungum.

Það var raunin í Safnahúsinu á dögunum þegar áhrifamikill bloggari, Vanessa Beeley, sem telur SP ljúga um átökin í Sýrlandi, var fengin til að halda erindi á fundi sem bar yfirskriftina „Er verið að segja okkur satt um stríðið í Sýrlandi?“.

Hálfri milljón mannlífa seinna, þegar forn og göfug þjóð mætir hörmungunum einangruð og einsöm, er þetta umræðan sem við erum hvött til að taka.



**Hörmungarnar, mannfyrirlitningin og sú algjöra vanvirða sem grundvallarmannréttindum hefur verið sýnd í átökunum er án fordæma.**

## Halldór



## Frá degi til dags

**Pirati eins og ég**  
Piratar hafa blásið í herlúðra. Þannig hefur stjórnuþlaðmaðurinn Atli Þór Fanndal verið ráðinn sem ráðgjafi og verður meðal annars einstökum framþjóðendum innan handar. Þá er kvikmyndaleikstjórinn Róbert Ingi Douglas orðinn kosningastjóri höfuðborgarsvæðisins. Hann er einna þekktastur fyrir bíomýndirnar Íslenski draumurinn, Maður eins og ég og heimildarmyndina Mjóddin. Næstu vikur mun mikið mæða á þessum kempum svo íslenskur draumur Pirata, sem eru eins og þeir eru, megi rætast.

**Að þroskast eða ekki ...**  
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir festi sig rækilega í sessi sem formaður Viðreisnar á landsþingi flokksins um helgina. Þar varaði hún við Sjálfstæðisflokknum. Sá boðskapur hljómaði einkennilega í eyrum veitingamannsins Björns Inga Hrafnssonar sem er með næma pólitíska bragðlauka. „Magnað að heyra boðskap formanns Viðreisnar í dag þess efnis að Sjálfstæðisflokkurinn megi ekki komast til valda í Reykjavík eftir næstu kosningar. Þar til fyrir skemmstu var Þorgerður Katrín varaformaður og ráðherra þessa sama Sjálfstæðisflokks,“ skrifaði Björn Ingi á Facebook. Stjórn-málaskýrandinn Óssur Skarphéðinsson svaraði að bragði og sagði alla hafa rétt til að þroskast. [thorarinn@frettabladid.is](mailto:thorarinn@frettabladid.is)

## Vorhreinsun



Eypór Arnalds í 1. sæti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

**N**ú þegar borgin kemur undan snjónum sést bággt ástand gatna og göngustíga vel. Viðhald hefur verið of lítið og sums staðar eru götur bókstaflega í molum. Það blasir við að í þessum efnum þarf önnur og breytt vinnubrögð. Þrátt fyrir að vindar blási hressilega er svifryk með mesta móti miðað við erlendar borgir. Uppruni svifryksins er að mestu leyti úr götum borgarinnar eða 49% úr malbiki. Næst á eftir kemur söt sem er 31% og á uppruna sinn að miklu leyti úr dísilknúnum farartækjum.

Svifryk þarf að stórminnka í borginni. Fara þarf í fyrirbyggjandi aðgerðir eins og kostur er. Við getum dregið úr svifryksmengun með því að leggja slitsterkara malbik á göturnar en nú er gert. Skoða þarf hvort unnt sé að draga enn frekar úr svifryki með því að steypa umferðarþyngstu göturnar. Jafnframt þarf Reykjavíkurborg að sópa götur og gangstéttir oftar og skola með vatni eftir þörfum. Svifryk endar inni í húsum fólks og lungum þess. Þessu þarf að breyta.

## Reykjavík getur gert betur

Annað mál sem er ekki síður mikilvægt er sorphirða og flokkun á sorpi. Hér getur Reykjavík gert betur. Við sjáum önnur sveitarfélög þar sem meiri metnaður er lagður í flokkun og sorphirðu. Höfuðborgin Reykjavík, langstærsta sveitarfélag landsins, á að sýna gott fordæmi og vera leiðandi í sorphirðu. Í öðrum sveitarfélögum hefur flokkun verið meiri á sorpi en í Reykjavík í mörg ár og þar af leiðandi minni urðun. Til að mynda á Akureyri. Þar munu þrjár af hverjum fjórum strætisvögnnum ganga fyrir metangasi sem annars gufaði upp af sorphaugunum til skaða fyrir andrúmsloftið.

Í Reykjavík gætu Strætó og Sorpa unnið betur saman og minnkað bæði uppgrufun metangass af sorphaugunum sem og losun dísilvéla strætó. Rafmagnsstrætisvagnar eru áhugaverð lausn en enn hefur enginn vagn komið til landsins. Allt eru þetta mál sem skipta okkur Reykvíkinga máli. Í vor gefst tækifæri til að breyta um stefnu í þessum málum. Gerum betur. Vilji er allt sem þarf.



**Skóða þarf hvort unnt sé að draga enn frekar úr svifryki með því að steypa umferðarþyngstu göturnar.**

## Erfðamál og dánarbússkipti

Við andlát þurfa aðstandendur að glíma við ýmis praktísk mál sem fylgja því að loka lífi ástvinar. Katla Þorsteinsdóttir lögræðingur fjallar um þessi mál á fræðslukvöldi Nýrrar dögunar þann 14. mars kl. 20.00 í safnaðarheimili Háteigskirkju.

Allir velkomnir.

**NÝ DÖGUN**  
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

[www.nydogun.is](http://www.nydogun.is) • [www.sorg.is](http://www.sorg.is) • [sorg@sorg.is](mailto:sorg@sorg.is)

# „Fiskeldi verði sterk og öflug atvinnugrein“



**Einar K. Guðfinnsson**  
formaður Landsambands fiskeldisstöðva

Jón Þór Ólason, formaður Stangveiðifélags Reykjavíkur og lögmaður, skrifar grein í Fréttablaðið 6. mars og svarar grein sem ég hafði ritað í sama blað. Greinarhöfundur hafnar því að unnt sé að stunda laxeldi í sjó í sátt við náttúruna. Þetta er skýr og afdráttarlaus skoðun og virðist fela í sér bann við atvinnurekstri sem þegar er hafinn, þar sem fjárfest hefur verið fyrir tugi milljarða, hundruð starfa orðið til og er orðinn burðarás í atvinnulífi byggðarlaga á landsbyggðinni, svo fátt eitt sé nefnt.

Meginforsenda greinarhöfundar er röng og því fellur málflutningur hans um sjálfan sig.

## Fiskeldi umfangsmeira en veiðar á villtum fiski

Hér á landi starfar fiskeldi samkvæmt mjög ströngum reglum sem byggjast á lagafyrirmælum og reglugerðum sem ætlað er að tryggja að hér megi byggja upp fiskeldi í góðri sátt við náttúruna. Fiskeldi er stundað um allan heim og er snar þáttur í fæðuframboði sem fer vaxandi með ári hverju. Þannig stefna stjórnvöld hvarvetna að því að auka fiskeldi sitt, jafnframt því

að setja strangar reglur um starfsemi. Nú er svo komið að í gegn um fiskeldi í heiminum verður til meiri fiskframleiðsla en sem nemur veiðum og vinnslu á villtum fiski. Á síðasta ári nam laxeldi eitt og sér um 2,5 milljónum tonna í heiminum.

## Fiskeldi á grundvelli varúðarsjónarmiða

Hér á landi höfum við byggt upp fiskeldi á grunn mikilla varúðarsjónarmiða. Árið 2004 var sett reglugerð sem bannaði í raun sjókvíaelði á laxi í nágrenni við helstu laxveiði-ár okkar. Þetta fyrirkomulag hefur sannað gildi sitt.

Til viðbótar við þetta hafa verið innleiddar strangar kröfur um búnað, sem sannað hafa gildi sitt í Noregi, þar sem búnaðurinn hefur verið í notkun um árabil. Sést það meðal annars á því að slyasleppingar á laxi eru nú brotabrot af því sem áður var.

Hér á landi er gert burðarþolsmat á fjörðum og hafsvæðum, sem felur í sér „mat á þoli fjarða eða afmarkaðra hafsvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið“, eins og segir í lögum um fiskeldi.

## Lítill áhrif á náttúrulega stofna

Í fyrrasumar gerði Hafrannsóknastofnun áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar á milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna. Meginniðurstaða þess mats var að „líkanið gerir almennt ráð



**Það er ljóst að fiskeldi hér á landi er komið til að vera. Um fjögur þúsund íbúar munu hafa afkomu af fiskeldi og afleiddum störfum þegar það verður komið upp í þau 71 þúsund tonn sem áhættumat Hafrannsóknastofnunar gerir ráð fyrir.**

fyrir litlum áhrifum á náttúrulega stofna fyrir utan nokkrar ár“. Og í skýrslu stofnunarinnar er einmitt vakin athygli á því að vegna þess að sjókvíaelði getur eingöngu farið fram hér við land fjarri helstu laxveiðiám sé staðan að þessu leyti allt önnur en í ýmsum öðrum löndum þar sem eldisvæðin séu „oft í mikilli nálægð við helstu laxveiðiár“.

## „Lítill hluti strokulaxa nær að synda upp í ár til að hrygna“

Í sömu skýrslu segir einnig: „Það verður þó að hafa í huga að aðeins lítill hluti strokulaxa nær að synda upp í ár til að hrygna. Langflestir strokulaxar eiga í erfðeikum með að afla sér fæðu í villtri náttúru eða forðast afræningja. Afkomumöguleikar þeirra ráðast verulega af nálægð sleppistaðar við árósa og einnig af aldri við strok. Almennt má þó segja að langflestir stroku-



laxar hverfi í hafi og syndi aldrei upp í ár til að hrygna.“

## Vöktun við veiðiár

Til viðbótar við þetta hafa laxeldisfyrirtækin lagt til, að fram fari vöktun við laxveiðiár svo að koma megi í veg fyrir að eldislax valdi tjóni. Slíkt fyrirkomulag er þekkt til að mynda í Noregi og hefur gefist vel. Fram kom í máli Kevins Glover, prófessors við Björgvinjarháskóla í Noregi, á fundi Erfðanefndar landbúnaðarins nýverið að um þetta er gott samstarf á milli laxeldisfyrirtækjanna og laxveiðiaðilanna. Því verður ekki trúað að hið sama verði ekki uppi á teningnum hér, enda fara hagsmunirnir þarna augljóslega saman.

## Fiskeldi er komið til að vera

Það er ljóst að fiskeldi hér á landi er komið til að vera. Um fjögur þúsund íbúar munu hafa afkomu af

fiskeldi og afleiddum störfum þegar það verður komið upp í þau 71 þúsund tonn sem áhættumat Hafrannsóknastofnunar gerir ráð fyrir, eins og sést af skýrslu sem Byggðastofnun vann um byggðaleg áhrif fiskeldis og gefin var út 23. ágúst sl.

## Í sátt við náttúruna

Sannarlega þarf að standa vel að verki og vinna í góðri sátt við náttúruna, þar með talið villta laxastofna. Til þess stendur vilji laxeldismanna sem sammæltust um það með veiðirettareigendum og fulltrúum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis, að „framtið fiskeldis skuli grundvallast á vísindalegum rannsóknum, eldistilraunum og vöktun í ám“. Og enn fremur: „mikilvægt sé að íslensku fiskeldi séu sköpuð bestu möguleg skilyrði til uppbyggingar og verði þannig sterk og öflug atvinnugrein.“

# KAROQ OPNAR ÞÉR NÝJAR LEIÐIR Í LÍFINU



ŠKODA



## NÝR ŠKODA KAROQ KEMUR SKEMMTILEGA Á ÓVART.

Hann er kominn til landsins og tilbúinn í ævintýrin með þér; nýr KAROQ – með snjallar lausnir og tækninýjungar sem gera aksturinn öruggari og skemmtilegri. Komdu og sjáðu nýjan ŠKODA KAROQ og endurnýjaðu tengslin við það sem drífur þig áfram í lífinu. Hlökkum til að sjá þig!

ŠKODA KAROQ frá:  
**3.890.000 kr.**



# Þegar við mætum inn í klefa bíður Steph Curry á Facetime

Jón Axel Guðmundsson og félagar komust í úrslitakeppni bandaríska háskólakörfuboltans um helgina. Um er að ræða einn stærsta íþróttaviðburð Bandaríkjanna fyrir utan Super Bowl. Um leið og sætið var í höfn vildi Steph Curry, sem lék um árabíl með skólanum, óska Jóni Axel og félögum til hamingju með sigurinn.

**KÖRFUBOLTI** Jón Axel Guðmundsson, bakvörðurinn frá Grindavík, verður á fimmtudaginn fyrsti alíslenski körfuboltamaðurinn sem tekur þátt í úrslitakeppni bandaríska háskólakörfuboltans, sem kölluð er Marsgeðveikin (e. March Madness). Jón Axel og félagar í Davidson Wildcats unnu síðustu fjóra leiki ársins og tryggðu sér um leið miða á stærsta svið bandaríska körfuboltans.

## Kominn á stóra sviðið

Eftir sigur í Washington í gær var haldið heim á leið með rútu, sjö og hálf tíma ferð. Þrátt fyrir það mætti Jón Axel í tíma snemma í gær.

„Eftir leikinn var bara farið beint upp í rútu og brunað af stað, þetta voru rúmlega sjö tímar og skólinn tók við í morgun. Við fáum svo fri á æfingu í dag en hittumst aftur á morgun og förum að skipuleggja næsta leik,“ segir Jón Axel sem segir að klappað hefði verið fyrir honum í tíma í morgun. Um er að ræða einn af stærstu íþróttaviðburðum Bandaríkjanna.

„Ég held að þetta sé næststærsti íþróttaviðburður Bandaríkjanna, Super Bowl er stærra en í mars snýst allt um þessa keppni.“

## Æskudraumur að rætast

Jón Axel er á öðru ári í Davidson-skólanum en einn af draumum hans var að fá að taka þátt í úrslitakeppninni á meðan á skólagöngu- unni stæði.

„Ég horfði oft á þessa keppni þegar ég var litill og dreymdi um að taka þátt og maður er að upplifa æskudrauminn. Þegar ég valdi Davidson var þetta meðal annars



Jón Axel ásamt liðsfélaga sínum þegar sigurinn og um leið sæti í úrslitakeppninni var í höfn. NORDICPHOTOS/GETTY

það sem ég horfði til, að komast í úrslitakeppnina, en að ná því á öðru ári er framar minum vonum. Svo er frábært fyrir elstu strákana í liðinu að fá að fara aftur.“

Jón Axel og félagar koma inn í keppnina með fjóra sigurleiki í röð á bakinu.

„Við vorum með þetta í okkar höndum og vorum fegnir að ráða eigin örlögum. Við erum á góðum skriði og vorum yfir allan leikinn í gær þótt þetta hefði verið fullt tæpt þarna undir lokin.“

## Curry skilaði kveðju

Mótherjinn í næsta leik er gríðarlega sterkur, Kentucky Wildcats, sem skilar yfirleitt nokkrum NBA-leikmönnum á ári hverju.

„Það verður skemmtileg upplifun að prófa sig gegn einum af bestu háskólunum, maður hefur séð þá fara langt ár eftir ár,“ segir Jón sem hræðist ekki Kentucky.

„Við förum í leikinn til að vinna hann, þá er allt opið. Það hefur sýnt sig ár eftir ár að það eru lið sem koma á óvart og fara langt og við ætlum okkur það.“

Jón Axel og félagar fengu strax kveðjur frá einni stærstu stjórn NBA-deildarinnar en Steph Curry lék um árabíl með skólanum.

„Við komum inn í búningaklefan og þá er þjálfarinn kominn á Facetime með Steph Curry. Hann var að fara á taugum þegar hann horfði á þetta heima en var þvilíkt sáttur með okkur,“ segir Jón Axel og bætir við: „Það sýnir hversu mikil fjölskyldustemming er í liðinu, hann er enn í góðu sambandi við þjálfarann þótt hann sé stjarna í NBA í dag.“

kristinnpall@frettabladid.is



Gylfi verður frá næstu vikunna eftir að hafa meiðst á hné um helgina.

## Hnémeiðsli að angra Gylfa

**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson, leikmaður Everton og íslenska karlalandsliðsins, verður frá næstu vikunna eftir að hafa meiðst í leik Everton gegn Brighton um helgina. Gylfi meiðdist á 20. mínútu leiksins en harkaði það af sér og kláraði allar 90 mínúturnar í leiknum. Hann gekkst undir rannsóknir í London í gærkvöld en séu liðböndin sködduð gæti HM verið í hættu hjá þessum lykilmanni íslenska landsliðsins.

– kpt

## Tiger flýgur upp heimslistan

**GOLF** Tiger Woods náði sínum besta árangri í tæp fimm ár á PGA-mótaröðinni um helgina þegar hann lenti í 2. sæti á Valspar-mótinu í golfi. Var hann aðeins einu höggi frá því að kreista fram bráðabana en þurfti að horfa á eftir titlinum til breska kylfingsins Pauls Casey.

Er þetta besti árangur Tiger á mótaröðinni frá því í ágúst 2013 en með því tók hann stökk upp um 239 sæti á heimslistanum í golfi með því og er kominn í 149. sæti. Byrjaði Tiger árið í 656. sæti en hann bíður enn eftir 80. sigrinum á ferlinum á PGA-mótaröðinni en hann vantar þrjá sigra til að jafna met Sam Snead yfir flest mót unnin á mótaröðinni (82). – kpt



## Nýr Crafter. Sendibíll ársins 2017.

### Staðalbúnaður

- 270° opnun á afturhurðum
- Rennihurðir á báðum hliðum
- Hiti í afturrúðum
- Composition Media útvarp með 6.5" skjá
- Hliðarklæðningar
- Vatnsheldur krossviður á gólfi
- Comfort seat plus fyrir ökumann
- Skilrúm með glugga
- Hraðastillir
- Bakkmyndavél
- Aðgerðastýri
- 12V og 230V tengi
- Þokuljós að framan
- Loftkæling



### Alþjóðlegur sendibíll ársins 2017.

Nýr Volkswagen Crafter er hannaður með þarfir iðnaðarmanna að leiðarljósi. Fyrsti sendibíllinn með 8 þrepa sjálfskiptingu fyrir allar útgáfur. Crafter er betri en nokkurn tímann áður en hægt að velja um fjölda útfærslna á hleðslurými, farþegarymi og aðstoðarkerfi.

Sendibíll verð frá 5.970.000 kr. m/vsk

Pallbíll verð frá 5.610.000 kr. m/vsk



Atvinnubílar

Við látum framtíðina rætast.



PRÍÐJUDAGUR 13. MARS 2018

Heilsa



Kolbrún lætur íslenskt veðurfar ekki aftra sér og sinni fjölskyldu frá útivist. Þau elda oft utandyra og sofa í tjaldi um hávetur. MYND/STEFÁN

**ENZYMEDICA®**

Söluhæsta  
meltingarvaran í  
Bandaríkjunum



# Fyrsta skrefið er yfir þröskuldinn heima

Kolbrún Kristínardóttir barnasjúkrapjálfi gerði rannsókn á viðhorfum íslenskra og norskra foreldra til frítíma barna, samveru fjölskyldunnar og útiveru. Samkvæmt niðurstöðum lögðu íslensku foreldrarnir meiri áherslu á skipulagða íþróttaiðkun barna en þeir norsku á útivist og samveru úti í náttúrunni. ➔2

Sigríður Inga

Sigurðardóttir

sigriduringa@frettabladid.is



Kolbrún Kristinardóttir barna-sjúkraþjálfari hefur lengi haft áhuga á lýðheilsu, útivist og hreyfingu. Hún flutti til Noregs árið 2007 og lauk mastersprófi frá Háskólanum í Lillehammer. Þegar að því kom að velja lokaverkefni ákvað Kolbrún að skoða hvaða gildi og viðhorf íslenskir og norskir foreldrar hafa til frítíma barna, samveru fjölskyldunnar, náttúrustunda og útiveru.

„Niðurstöðurnar sýndu fram á að norskir foreldrar lögðu mikla áherslu á útivist og samverustundir úti í náttúrunni og lýstu jákvæðum áhrifum útiveru fyrir andlega- og líkamlega vellíðan barna sinna. Áhersla íslensku foreldranna var hins vegar meiri á heilsuuppeldi í gegnum skipulagða íþróttaiðkun,“ segir Kolbrún.

Hvað vakti áhuga þinn á þessu verkefni? „Eftir að ég flutti til Noregs tók ég eftir því að norskar fjölskyldur virðast verja meiri tíma saman utandyra en íslenskar fjölskyldur. Mig langaði að kanna hvers vegna útivist er rík í norskrum menningu en þar er t.d. svokallaður söndagstur, eða gönguferðir á sunnudegi, nauðsynlegur hluti af lífi margra fjölskyldna. Ég ákvað því að kanna hvort það væri mikill munur á þessum frændþjóðum í þessum efnum.“

Um eiginlega rannsókn er að ræða þar sem gögnum var safnað með hálfopnum viðtölum við foreldra í Hafnarfirði og Lillehammer. „Ég talaði við fimm fjölskyldur í hvoru landinu. Niðurstöður voru



„Við förum saman í gönguferðir og fjallgöngur, förum á gönguskiði jafnt sem svigskiði, allt eftir tíma og hvað hentar hverju sinni. Stundum förum við bara rétt út fyrir bæjarmörkin og eldum kvöldmat úti á primus,“ segir Kolbrún sem hefur alltaf stundað mikla útivist. Hún segir börnin sín von þessum lífsstíl.

túlkaðar út frá lýðheilsusjónarmiðum, kenningum um foreldra sem fyrirmyndir og kenningum um menningar- og samfélagsleg áhrif. Í raun speglast þær í hinum ýmsu viðjum samfélagsins, þar með töldum lögum, reglugerðum, skólanámskrám og tungumáli. Foreldrar í báðum löndum töldu að

útileikur barna væri hverfandi og að frjálsi radiusinn, ef svo má segja, í leiknum hefði minnkað,“ segir Kolbrún sem hefur haldið fyrirlestra um rannsóknina í íslenskum leik- og grunnskólum sem hafa vakið mikla athygli.

#### Foreldrar mikilvæg fyrirmynd

Að mati Kolbrúnar er mikilvægt að fjölskyldan fari út og njóti þess saman að vera í útivist. „Að foreldrar stundi virka samveru, t.d. útivist, með börnunum sínum hefur töluvert forspárgildi um hvort þau velji sér virkan lífsstíl síðar á lífsleiðinni. Útivist hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu heldur einnig þá andlegu. Þegar komið er út undir bert loft talar fólk frekar saman og síminn fer í pásu. Við þurfum að vera saman, njóta og upplifa. Foreldrarnir eru mikilvægasta fyrirmynd barnanna og þau læra best það sem þau upplifa og eru þátttakendur í,“ segir hún.

Kolbrún telur að áhugi Íslendinga á útivist hafi almennt aukist mjög undanfarin ár en segir að það sé spurning um hvort fjölskyldan sé öll saman í útivist. „Það virðist vera sem fullorðnir stundi útivist, svo sem fjallgöngur, og taki þátt í keppnum á borð við Landvætti en börnin eru kannski of sjaldan með í útivistinni,“ segir hún.

Kolbrún vann einnig við sjúkraþjálfun barna í Noregi og var meðal annars með börn í ofþyngd í þjálfun. Hún segir að best árangurinn hafi náðst þegar fjölskyldan fór saman í göngutúra eða stundaði aðra útivist.

#### Hreyfingarleysi stórt vandamál

Kolbrún nefnir að samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni sé hreyfingarleysi eitt af stærstu vandamálum heimsins í dag. „Það hefur sýnt sig að áhugi og hvatning fyrir hreyfingu er meiri utandyra og viðtækur heilsuávinningur felst í því einu að vera úti í náttúrunni. Við á Íslandi erum svo lánsöm að hafa aðgang að fallettri náttúru allan ársins hring sem við getum nýtt okkur vel. Það er alltaf hægt að finna gönguleiðir sem passa öllum í fjölskyldunni eða fara í léttar fjallgöngur. Best er að miða við getu þess yngsta í hópnum. Foreldrar gegna lykilhlutverki í mótun heilsuþegðunar barna sinna og mótunarárin hafa stór áhrif á



Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni er hreyfingarleysi eitt af stærstu heilsufarsvandmálum heimsins í dag, að sögn Kolbrúnar.



Kolbrún segir oft erfiðast að fara yfir þröskuldinn en eftir það sé leikurinn auðveldur. Hún mælir með að setja sér raunhæf markmið varðandi útivist.

„Við á Íslandi erum svo lánsöm að hafa aðgang að fallettri náttúru allan ársins hring sem við getum nýtt okkur vel.“

heilsu þeirra síðar í lífinu.“

Þegar Kolbrún er spurð um ráð til að koma reglulegri útivist inn í þéttskipaða dagskrá flestra fjölskyldna segir hún gott að byrja á að setja sér raunhæf markmið. „Fyrst þarf að koma sér yfir þröskuldinn. Ég mæli með að setja sér hvorki of stór né of háleit markmið. Það gæti t.d. verið sniðugt að byrja á að fara í nestisferð skammt frá heimilinu en það ætti öllum að finnast skemmtilegt. Það gerist eitthvað við að fara út. Það verður einhver önnur nánd. Allir verða afslappaðri því náttúran

hefur róandi áhrif á fólk. Vissulega getur verið erfið að koma sér út um dyrnar en um leið og ferð er af stað breytist stemningin.“

#### Tjaldútilegur allt árið um kring

Útivist er stór hluti af lífi Kolbrúnar og hennar fjölskyldu. Hún er gift og á tvö börn, 9 og 14 ára, en þau fluttu heim aftur fyrir einu og hálfu ári. „Við förum saman í gönguferðir og fjallgöngur, förum á gönguskiði jafnt sem svigskiði, allt eftir tíma og hvað hentar hverju sinni. Stundum förum við bara rétt út fyrir bæjarmörkin og eldum okkur kvöldmat úti á primus eða bökm okkur pönnukökur, enda bragðast allur matur betur utandyra. Við förum í tjaldútilegur allt árið um kring, nú síðast fyrir þremur vikum. Við vöknudum í snjóhúsi, svo mikið hafði snjóað um nóttina. Þetta er sá lífsstíll sem börnin mín þekkjá.“

## FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ.IS



### HÚSAVIÐGERÐIR.IS

MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR  
ALHLIÐA MÚRVERK  
ÞAKVIÐGERÐIR  
GLUGGASKIPTI

HAFÐU SAMBAND

INFO@HUSAVIDGERDIR.IS

SÍMI 565-7070

Finndu okkur á  
Facebook

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundni ritstjórnaræfni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður:  
365 miðlar Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordis@frettabladid.is, s. 512 5338

Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Máté Dalmay, mate@frettabladid.is, s. 512 5442

# Heilsurækt

ÞRIÐJUDAGUR 13. MARS 2018

Kynningar: Heilsuborg, Reebok Fitness, MS, Saga Medica



Logi er sannfærður um að rétt mataræði sé grunnurinn að betri heilsu. Hreyfing sé síðan til að styrkja og byggja upp líkamann. MYND/EYÞÓR

## Bættur lífsstíll er öflug fjallganga skref fyrir skref

Logi Geirsson var atvinnumaður í handbolta í Þýskalandi til margra ára. Nú aðstoðar hann fólk með mataræði og heilsurækt með góðum árangri. Hann segist kenna fólki að tileinka sér betri lífsstíl til frambúðar. Ekki er ráðlagt að léttast mjög hratt heldur setja sér frekar raunhæf markmið. ➔2

Elín  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



Logi hefur alltaf haft mikinn áhuga á heilsurækt. Hann er lærður einkaþjálfari og hefur sótt fjölda námskeiða um næringu og heilsu. Logi leggur mikla áherslu á bætt mataræði og aðstoðar fólk á persónulegan hátt en hann rekur Fjarform.is. „Ég er með fjarþjálfun en engu að síður kemur fólk til mín og við förum saman yfir heilsufarssögu og markmið. Síðan set ég upp formúlu fyrir hvern og einn til að ná settu markmiði. Það má kannski segja að ég taki heilsu fólks í mínar hendur. Ég hef hjálpað um fimm þúsund manns að ná settu marki, allt frá kyrrsetufólki, unglingum, Ólympíuförum auk íþróttafólks. Stærsti hópurinn eru ungar konur,“ segir Logi sem forðast allar öfgar og megrunarkúra. „Þetta snýst um að breyta venjum.“

### Alls konar vandamál

Fólk leitar til Loga ef það er of þungt og vill léttast, sömuleiðis vegna stirðleika eða vegna þess að fólk vill breyta um lífsstíl og lifa heilbrigðara lífi. „Fólk er að glíma við alls konar vandamál og flestir eru á aldrinum 25-60 ára. Allir eru að sækjast eftir heilsulausnum, sumir eru að jafna sig eftir aðgerðir og vilja styrkja sig. Ég er ekki með líkamsræktarsal enda eru margir sem kjósa frekar að fara í göngur utanhúss. Sumir vilja heimaæfingar meðan aðrir ætla að ganga á fjöll. Hver og einn þarf að finna hvað hentar best.“

Logi er ávallt kallaður til þegar vantar handboltasérfræðing í beinum íþróttalýsingum á RÚV. Hann þykir snarpur álitsgjafi, ekki síður en hann var í boltanum. „Sumum finnst ég kannski aðeins of hreinskilinn en ég ligg ekkert á skoðunum mínum,“ segir Logi sem vekur sömuleiðis athygli fyrir smekklegan klæðaburð.

### Rangt mataræði

Þegar Logi er spurður hvort hann eigi svar við því hvers vegna þjóðin þyngist og þyngist, svarar hann: „Fyrst og fremst rangt mataræði. Vanþekking á hvað maturinn gerir



Logi hefur aðstoðað yfir fimm þúsund manns að breyta um lífsstíl til bættrar heilsu og margir hafa verið hjá honum í meðferð árum saman. MYND/EYÞÓR



fyrir okkur. Fólk neytir of mikillar orku. Þar fyrir utan er fólk yfirleitt að borða næringarsnautt fæði. Ég myndi samt segja að helsta vandamálið sé að fólk borði of mikið af kolvetnum og hreyfi sig of lítið. Yfirleitt get ég sett upp formúlu fyrir fólk og sagt því hversu mörg kíló eigi eftir að hrynja af því á ákveðnum tíma,“ segir hann.

„Ég byrjaði að aðstoða fólk árið 2009 en fljótlega fór starfið að vinda upp á sig. Sumir viðskiptavinir hafa verið lengi hjá mér,“ útskýrir Logi. „Fólk verður svo ánægt þegar það sér að það er að bæta sig og líðanin verður betri. Sumir eru mjög öflugir í líkamsræktinni en aðrir byrja í janúar og hætta í febrúar, þeir koma reyndar best út hjá mér. Sá hópur þarf mikla eftirfylgni og finnst þægilegast að fylgja ákveðnu mataræði, finna mælanlegan árangur og hreyfa sig eftir eigin löngunum. Mataræðið skiptir miklu máli vilji fólk létta sig,“ segir Logi. „Það er til dæmis betra að borða flókin kolvetni en einföld og ég kenni fólki muninn á þessu tvennu. Lykillinn að því að ná góðri heilsu og viðhalda henni er þekking á því sem maður setur ofan í sig. Mér finnst ég vera búinn að mæta þá formúlu og næ árangri með öllum,“ staðhæfir hann.

Logi er sannfærður um að rétt mataræði sé grunnurinn að betri heilsu. Hreyfing sé síðan til að styrkja og byggja upp líkamann. „Allir vilja léttast sem hraðast en það er ekki raunhæf leið að betra

“Fólk verður svo ánægt þegar það sér að það er að bæta sig og líðanin verður betri. Sumir eru mjög öflugir í líkamsræktinni en aðrir byrja í janúar og hætta í febrúar, þeir koma reyndar best út hjá mér. Sá hópur þarf mikla eftirfylgni og finnst þægilegast að fylgja ákveðnu mataræði.“

lífi. Ég kenni fólki að minnka fitu í líkamanum með því að stýra hormóninu leptín sem stjórnar matarlystinni. Jákvæð hugsun er nauðsynleg, það er engum gott að brjóta sig niður. Heilsan er fjallganga. Hver einasta góð ákvörðun sem við tökum hjálpar okkur upp þetta fjall. Ég hef sjálfur lært ótrúlega mikið um líkamann í þessu starfi og veit hversu mikilvægt það er að gefast ekki upp.“

### Steik og rauðvín

Logi er viðskiptafræðingur að mennt og er í mastersnámi í forystu og stjórnun. „Mig langaði alltaf að vinna með fólk og var á tímabili að hugsa hvort ég ætti að fara í sálfræði eða einkaþjálfun. Ég held að ég hafi blandað þessu öllu saman í starfi mínu, bæði með hvatningu og að aðstoða fólk við að ná árangri í lífinu. Þetta er besta starf í heimi og ég nýt þess á hverjum degi.“

Logi er innfæddur Hafnfirðingur og byrjaði ungur í handboltanum. Hann hefur á undanförunum árum

einbeitt sér að einkaþjálfun. Handboltaskórnir voru algjörlega lagðir á hilluna og Logi segist ekki snerta boltann í dag. „Það næsta sem ég kemst handboltanum er að vera álitsgjafi þjóðarinnar í sjónvarpi. Ég fer í körfubolta með 7 ára syni mínum, mér finnst líka skemmtilegt að lyfta lóðum en annars lífi ég bara heilsusamlegu lífi. Mér finnst rosalega skemmtilegt að elda góðan mat og það er eitt af áhugamálum mínum. Uppáhaldsmaturinn er nautalund deluxe í trufflumarineringu frá Kjötkompaníinu,“ segir Logi sem er með vinsæla Facebook síðu sem nefnist Rauðvín á Íslandi og er með um átta þúsund fylgjendur. Hann er auk þess með tíu þúsund fylgjendur á Snapchat og sextán þúsund vini á eigin Facebook-síðu. Hann segist hafa mörg áhugamál fyrir utan steik og rauðvín. Til dæmis spilar hann á gítar og ekur um á mótörhjól. Þá hefur hann áhuga á tisku eins og dæmin sanna. „Ég hef áhuga á mörgu en þó einna helst að lifa lífinu í jafnvægi.“



# Lausn að árangri sem endist

„Heilsulausnir eru fyrir alla sem vilja gera markvissar breytingar á daglegu lífi sínu og laga lífsstílinn til langframa,“ segir Óskar Jón Helgason, framkvæmdastjóri heilbrigðisþjónustu hjá Heilsuborg.

Óskar er að vísa í námskeiðið Heilsulausnir sem verið hefur í stöðugri þróun síðastliðin sjö ár. Á námskeiðinu hafa yfir 3.000 manns náð frábærum árangri, og það sem mest er um vert, árangri sem endist.

„Það fara að vísu engin kíló fyrir hádegi fyrsta daginn, en þegar þau eru farin koma þau ekki aftur,“ segir Óskar. „Þess vegna eru Heilsulausnir einstakur kostur fyrir þá sem orðnir eru leiðir á töfralausnum og skyndiátökum og vilja breytingar til lengri tíma. Margir hafa farið í megrun og prófað alls kyns skyndilausnir en upplifað æ ofan í æ að tapa fyrir sjálfum sér í átökum sem ganga út á að koma ójafnvægi á líkamann.“

Þeir sem skrá sig í Heilsulausnir sækjast eftir faglegri nálgun þar sem ýmis verkfæri eru veitt til sjálfshjálpar á vegferðinni um betri lífsstíl og heilsufar.

„Við göngum út frá þeirri staðreynd að engir tveir eru eins. Því þarf að aðlaga hlutina að hverjum og einum og finna lausnir sem



Óskar Jón leggur áherslu á að öllum sé mætt þar sem þeir eru staddir.

þeim hentar,“ útskýrir Óskar.

Hann segir suma koma til að léttast og aðra til að líða betur.

„Við vinnum markvisst með hreyfingu og mataræði en hugum líka að svefni, streitu og andlegum þáttum. Heilsulausnir eru því

heildrænt námskeið og mikilvægt að fólk átti sig á að það er ekki skyndiverkefni heldur skuldbinding til lengri tíma, eða í sex eða tólf mánuði,“ segir Óskar.

Þeir sem taka þátt í Heilsulausnum hreyfa sig þrisvar í viku á

föstum tíma og hálfsmánaðarlega eru fræðslufundir þar sem unnið er með næringu, matarvenjur og matarskammta.

„Við leggjum áherslu á að iðkendur Heilsulausna fái reglu í daglegt líf sitt og stilli líkamsklukkuna, sem er mikilvægt til að ná árangri. Við hjálpum fólki líka að sinna sjálfsmýndinni vel því oft erum við sjálf okkar versti gagnrýnandi, en það er mikilvægt að vera sáttur við sjálfan sig og bera virðingu fyrir sjálfum sér. Það er líka mikils virði að njóta lífsins og gleðjast. Hjá okkur er því ekkert bannað og við erum meira í því að hjálpa fólki að eiga í jákvæðu sambandi við mat í stað þess að hrella sig með boðum og bönnum,“ segir Óskar.

Hann bætir við að lykilla að árangri til langs tíma sé jákvætt hugarfar og regla sem geri heilsurækt að eðlilegum hluta af daglegri rútinu.

„Við röðum iðkendum Heilsulausna í tíma sem þeim hentar best að mæta; ekki eftir því hversu hratt þeir hlaupa eða þungu þeir

lyfta. Þjálfarar Heilsuborgar eru vanir því að stýra mismunandi tegundum æfinga á sama tíma og því geta allir fundið æfingar við hæfi,“ útskýrir Óskar.

„Við mætum öllum þar sem þeir eru staddir, hjálpum þeim að læra á sjálfa sig og kennum þeim leiðir til að ná árangri sem endist. Starf Heilsuborgar byggir á gagnrýndum læknisfræðilegum aðferðum og allt starfsfólk er með háskólamenntun í sínu fagi og sýnir faglegan metnað og einstaka natni í starfinu sínu hér í Heilsuborg.“

**Kynningarfundur um Heilsulausnir verður í Heilsuborg í dag, þriðjudaginn 13. mars klukkan 17.30. Fundurinn er ókeypis og allir eru hjartanlega velkomnir.**

Nánari upplýsingar eru á heilsuborg.is/heilsulausnir. Hægt er að kaupa námskeiðið á vefnum. Heilsuborg er á Bildshöfða 9. Sími 560 1010. Sjá heilsuborg.is

# Dýrmætt að leita til fagfólks

Þau María Hlín Eyjólfsdóttir og Gunnar Ásmundsson urðu bestu vinir og æfingafélagar eftir að hafa kynnst í Heilsulausnum. Síðan hafa þau att stöðugu kappi hvort við annað í æfingasalnum.

Við María vorum sifell í keppni og skorudum á hvort annað að losa okkur við eitt kíló á mánuði í tíu mánuði. Það var létt og skemmtileg keppni með tilheyrandi stuðningi og hvatningu, en líka góðum skammti af stríðni því María reyndi að bregða fyrir mig fæti með því að gefa mér páskaegg!“ segir Gunnar og skellir upp úr.

María hlær líka að minningunni. „Við Gunnar erum orðin bestu vinir og æfingafélagar og það er dýrmætt að eiga stuðning hans vísan.“

## Missti 14 kíló fyrsta árið

María skræði sig í Heilsulausnir árið 2012 og Gunnar ári seinna. Áður hafði Gunnar prófað karlapúl og María reynt að borða hollt og fara í göngutúra en allt gekk það brösuglega.

„Ég var með krónískan haus- og hálsverk, þjást af alls kyns líkamlegum kvillum, var orðin alltof þung og ósátt við sjálfa mig,“ útskýrir María.

Gunnar var í svipuðum sporum. „Ég var orðinn alltof þungur, átti erfitt um gang upp brekkur og leið alls ekki vel. Ég fann að ég þurfti að gera eitthvað í mínum málum, fann heilsuna versna ár frá ári og setti þetta upp þannig að ég þurfti að mæta í Heilsuborg eins og vinnuna mína. Ég vissi líka að eftir hefðbundinn vinnudag hefði ég ekki annað að gera en að koma heim og setjast fyrir framan sjónvarpið,“ segir Gunnar.

Bæði eru sammála um að Heilsulausnir hafi breytt lífi þeirra til hins betra og árangurinn kom fljótt í ljós.

„Fljótlega minnkaði hausverkurinn, sem og aðrir verkir, og kílóin fuku eitt af öðru. Ég fann hvernig ég varð heilbrigðari, hraustari og sterkari,“ segir María og Gunnar missti fjórtán kíló fyrsta árið.

„Árangurinn kom þvakalega



María og Gunnar eru æfingafélagar og dugleg að etja kappi hvort við annað með smá stríðni að vopni. MYNDR/ EYÞÓR

fljótt,“ segir hann. „Og þolið varð allt annað. Það hefði aldrei hvarflað að mér að ég ætti nokkurn tímann eftir að spretta úr spori, hvað þá að hlaupa maraþon, eins og ég gerði á fyrsta árinu.“

## Frábærir kennarar og þjálfarar

Þau María og Gunnar segja fræðslu og fyrirlestra um næringu og heilsufar hafa skipt miklu í Heilsulausnum, en einnig frábærir kennarar og skemmtilegur félagsskapur.

„Stór hluti af mínum árangri var fræðslan, félagsskapurinn og aðhaldið. Mér þótti dýrmætt að geta leitað til fagfólks um hjálp. Fyrsta árið fór ég samvissulega eftir öllum fyrirmælum og gerði það sem mér var sagt. Smátt og smátt varð hollur kostur að einföldum valkosti og svo bættist við aukin hreyfing. Þannig er ég nú farin að hjóla og fara í fjallgöngur á

sumrin, uppsker einskæra ánægju við að hreyfa mig og finn hvað ég er öll orðin glöðari, hraustari og heilbrigðari,“ segir María.

Gunnar tekur undir orð Maríu.

„Það kom ánægjulega á óvart hvað kennararnir voru frábærir, félagsþátturinn sterkur og andrúmsloftið glæðlegt og þægilegt. Í Heilsuborg er tekið vel utan um fólk frá fyrsta degi og þar eru allir jafnir. Fólk er kannski misjafnlega vel á sig komið en allir geta verið með í æfingum og lögd er áhersla á að við vinnum eins og líkami okkar segir til um. Heilsufar og líkamlegt ástand er skoðað með ýmsum mælingum og fræðslan náði strax vel til manns. Þetta varð strax gaman og ég hlakka alltaf til að fara í Heilsuborg. Því fylgir eintóm ánægja,“ segir Gunnar.

María er sammála Gunnari, en bæði fengu þau Ingu Maríu

Baldursdóttur, íþrótt- og heilsufræðing, sem þjálfara í Heilsulausnum.

„Inga María og Marianna Csilla hjúkrunarfræðingur eiga báðar hrós skilið fyrir minn árangur og ég er enn í sambandi við Ingu Maríu ef ég þarfnast hjálpar. Í Heilsuborg er sannarlega tekið vel á móti manni og hugarfélagi þar er jákvætt. Það er engin pressa á að klára þetta á tveimur mánuðum, heldur er viðhorfið að við gerum þetta saman og í rólegum skrefum,“ segir María.

Báðum hefur gengið vel að viðhalda góðum árangri.

„Aðvitað getur maður sveiflast til en það var lögd áhersla á að það væru ekki hundrad í hættunni þótt maður dytti stundum út. Maður hefði alltaf tók á að byrja aftur,“ segir Gunnar sem farinn er að standast betur freistingu bingó-

kúlupokans sem voru verðlaun hans um helgar.

„Í honum leyndust 600 hita-einingar sem ég gerði mér engan veginn grein fyrir. Maður fær mikla fræðslu og stuðning við mataræði og matarskammta og þótt ég sé lærdur í matvælaíðnaði hef ég nú lært að ýmislegt sem maður taldi alls ekki óhollt er samt ansi drjúgt.“

## Gleði og jákvæðni mikilvæg

María segist strax hafa ákveðið að taka gleðina með sér í Heilsuborg.

„Fyrstu skrefin voru svolítið erfð en ég ákvað að hafa alltaf gaman. Án gleðinnar hefði þetta eflaust orðið erfiðara en með jákvæðu hugarfar þótti mér hreinlega gaman að skipta út einu hráefni fyrir annað og minnka matarskammtana. Ég hef nefnilega lært að það er hægt að borða hollt en of mikið af því. Nú borða ég 80 prósent hollt en ég hef aldrei farið út í öfgar og á minn nammidag um helgar og fer í veislur til að njóta.“

Gunnar segir lykilla að því að viðhalda árangrinum að stunda hreyfingu og hugsa um mataræðið.

„Það dugur ekkert hálfkák og maður þarf að vera heilshugar í heilsuræktinni en taka það allt með skynsemi og gleði. Það er líka einstakt að hafa eignast æfingafélaga eins og Maríu því í honum fær maður mikilvægan stuðning og hvatningu. Ég lít á tímann sem ég ver í Heilsuborg sem gott veginesti til fullorðinsáranna og að með heilsuræktinni sé ég að safna á sparireikning,“ segir Gunnar.

María segir gott veginesti fyrir byrjendur að hafa jákvæðni og gleði að leidarljósi og að hugurinn þurfi að fylgja með.

„Maður þarf að vilja þetta alla leið. Og maður þarf á faglegri hjálp að halda til að ná raunverulegum árangri til frambúðar. Maður gerir þetta ekki einn. Ekki í mínu tilfelli.“

# Svo skemmtileg fjölskylda

Það er lærdómsríkt fyrir börn að upplifa náttúru landsins í gönguferðum og á ferðalögum með fjölskyldum sínum. Hjónin Matthías Sigurðarson og Dalla Ólafsdóttir tóku nýlega við umsjón með Ferðafélagi barnanna og börn þeirra þrjú eiga í vændum skemmtilegt og viðburðaríkt sumar.

Starri Freyr  
Jónsson

starri@frettabladid.is



Hjónin Matthías Sigurðarson og Dalla Ólafsdóttir tóku nýlega við umsjón Ferðafélags barna sem Ferðafélag Íslands hefur rekið í tæp tíu ár. Höfuðmarkmið félagsins er að hvetja börn og foreldra til útiveru og samveru í náttúru landsins og fá þannig öll börn til að upplifa leyndardóma umhverfisins og sanna gleði í náttúrunni. Sjálf eiga þau þrjú börn og eru tvö þau eldri, Urður 13 ára og Ólafur Ragnar 10 ára, nú þegar orðin virk í göngum og reyndar ýmsum öðrum íþróttum. Yngsta barnið, Guðrún Katrín, er 6 ára og nýlega farin að taka þátt í göngum með eldri systkinum sínum.

Börnin sækja útivistaráhuga sinn því augljóslega til foreldra sinna en Matthías segir þau hafa verið dugleg að þvælast með börnin sín um allt land frá því þau voru smábörn. „Okkur hefur fundist þetta vera bestu gæðastundir fjölskyldunnar, að gista í tjaldi eða tjaldvagni á fjöllum, borða undir berum himni og eiga stundir saman fjölskyldan

við göngur, leik eða bara með því að lesa saman bækur inn í tjaldi. Okkur hefur fundist þetta frábær leið til að spjalla saman um lífið og tilveruna, læra að bera virðingu fyrir náttúrunni og koma að umhverfisvitund hjá þeim.“

## Stundum þarf göngunammi

Matthías segir að krökkunum finnst fjallgöngur ekkert alltaf mjög skemmtilegar en þau læri að setja sér markmið og ná þeim. „Ísland býður líka upp á svo marga ævintýrlega staði fyrir börn. Það er eins og góður vinur okkar sagði við okkur: „Þið lítið á Ísland sem Disneyland fyrir börn!“ Það eru orð að sönnu. Svo er ótrúlega skemmtilegt að skoða landið með augum krakkanna. Núna erum við hjónin svo heppin að stýra Ferðafélagi barnanna og getum þannig kynnt útivist og fjöll fyrir fleiri börnum og fjölskyldum og þar eru fjölmargar spennandi dagsferðir og lengri ferðir á dagskrá á árinu.“

Urður og Ólafur Ragnar segjast hafa gengið nokkuð oft á Esjuna og önnur fjöll með fjölskyldunni auk þess sem þau hafi gengið Laugavegin. „Við höfum oft farið í Þórsmörk og förum t.d. árlega með mörgum



Börnin þrjú á góðri stundi í Herðubreiðarlindum síðasta sumar. F.v. Ólafur Ragnar, Urður og Guðrún Katrín.

# SPÍNAT ER OFURFÆÐA ALVÖRU SPÍNAT

Flestir vita um hollustu spínats. Það er ein næringarríkasta fæða sem til er. Þess vegna er líka gott að vita að spínatið frá okkur er **alvöru spínat**.

Andoxunarefni • Járn • Steinefni • Fólínsýra • C-vítamín



Allt um spínat á **holltoggott.is**

*Hollt & Gott*

fjölskyldum í haustferð í Þórsmörk og göngum þar og gistum í skál-anum, spilum og leikum okkur.“

Eldri systkinin eru sammála um að skemmtilegasta fjallgangan þeirra hafi verið á Herðubreið en hún hafi þó verið svolítið erfið. „Það var einnig mjög gaman að ganga frá Tálknafirði yfir í Patreksfjörð með pabba okkar fyrir nokkrum árum, sérstaklega þar sem við gengum upp úr skýjunum og vorum í glampanði sólar meðan það var þoka í bæjunum. Svo höfum við líka gengið Kjöl með Ferðafélagi barnanna. Það hefur yfirleitt gengið vel að ganga en sumar gönguferðirnar hafa þó verið nokkuð erfiðar. Þá verðum við að stoppa, hvíla okkur og fáum okkur göngunammi.“

## Gott nesti mikilvægt

Þau segja það skemmtilegasta við göngur vera að komast upp á fjallstoppa eða klára að ganga langar gönguleiðir. „Mér finnst líka útiveran skemmtileg og það að fá tækifæri til að njóta náttúrunnar,“ segir Urður. „En það er ekki alltaf skemmtilegt en maður verður samt glaður að vita að maður getur klárað erfið fjöll eða leiðir,“ bætir Ólafur við. „Mér finnst einnig mjög skemmtilegt að fara í heitar náttúrulegar, t.d. í Strútslaug og í Landmannalaugar og svo er voða gaman á göðvírisdögum að leika sér í ísköldum ám eða vötnum.“

Guðrún Katrín, yngsti fjölskyldu-meðlimurinn, bætir við að henni

þyki gaman að taka þátt í gönguferðum því fjölskylda hennar sé svo skemmtileg. „Mér finnst líka mjög gaman að ganga í skógi og svo er líka mjög gaman að tína sveppi. Stundum hittum við einhvern sem við þekkjum og svo er gaman að hafa gott nesti, t.d. snúð og kleinhúring. Svo er gaman að fara í Hver er maðurinn og Frúin í Hamborg þegar við erum að labba. Uppáhaldsfjallið mitt er Brennisteinsalda af því það er svo litríkt og fallegt.“

## Gott sumar fram undan

Þar sem foreldrar þeirra stýra nú Ferðafélagi barnanna gera þau ráð fyrir mörgum góðum ferðum í sumar. „Við ætlum m.a. að ganga Laugavegin, Fimmvörðuháls og Kjöl og hlökkum mikið til þess. Svo erum við svo heppin að einhverjir vinir okkar hafa bókað sig einnig í þær ferðir. Svo ætlum við líka að taka þátt í Fjallagarpaverkefni Ferðafélags barnanna og ganga á nokkur fjöll í nágrenni Reykjavíkur, t.d. Móskaðshnúka og Helgafell.“

Síðan er alltaf gaman að labba með vinum segja þau bæði. „Síðasta sumar förum við t.d. í skemmtilega göngu í Jökulsárgljúfrum með góðum vinum okkar og foreldrum þeirra. Þar eru brött og há gil og mjög skemmtilegt að labba þar. Svo fór ég með bekkjarsystkinum mínum á Esjuna síðasta haust og það var mjög góð ferð,“ segir Ólafur að lokum.



Matthías með börnunum þremur við Brennisteinsölu.

# FITTAID

## ALHLIÐA ÍPRÓTTADRYKKUR

Ríkur af vítamínum og steinefnum.  
Náttúrulegur drykkur án allra óæskilegra aukaefta.  
Inniheldur 45 kaloríur og 40mg af koffíni úr grænu tei. Vegan.  
Drykkur sem stuðlar að uppbyggingu líkamans eftir æfingar.



**Glútamín & BCAA**  
Fyrir endurheimt vöðva



**Omega-3 & CoQ10**  
Fyrir hjarta & æðakerfið




**Túrmerik & quercetin**  
Bólguæyðandi



**Steinefni**  
Magnesíum, kalk, kalíum  
Fyrir vöðva, bein & taugakerfi



**C & E vítamín**  
Fyrir eðlilega starfsemi ónæmiskerfisins



**D vítamín**  
Fyrir eðlilega starfsemi  
vöðva & ónæmiskerfisins



Hjá Reebok Fitness eru fjölbreytt og spennandi námskeið í boði og alltaf eitthvað nýtt að bætast við. MYND/ANTON BRINK

# Reebok Fitness

## hefur eitthvað fyrir alla

Á líkamsræktarstöðvum Reebok Fitness er hægt að finna frábæra tækjasali, faglega þjónustu og fjölbreytt námskeið fyrir alla aldurshópa, svo allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

**R**eebok Fitness líkamsræktarstöðvarnar hafa notið mikilla vinsælda eftir að fyrsta stöðin var opnuð í Holtagörðum fyrir nokkrum árum, en í dag eru líkamsræktarstöðvarnar orðnar sjö talsins,“ segir Unnur Pálmarsdóttir, mannauðs- og markaðsstjóri Reebok Fitness. „Í líkamsræktarstöðvum Reebok Fitness eru stórir og fullbúnir tækjasalir og frábær æfingaaðstaða, en þar fyrir utan bjóða stöðvarnar upp á vinsæla hóptíma, námskeið og þjálfun og korthafar hafa einnig aðgang að Kópavogslaug, Salalaug í Kópavogi og Ásvallalaug í Hafnarfirði.

Hjá Reebok Fitness starfa margir af bestu hóptímakennurum og einkaþjálfurum landsins,“ segir Unnur. „Markmið okkar er að bjóða upp á það besta sem er í boði í líkamsrækt á lágu verði og án bindinga.“

### Ný námskeið og nýr dansskóli

„Í apríl byrja fjölbreytt og spenn-

andi ný námskeið hjá okkur. Námskeiðin eru fyrir alla aldurshópa og því ættu allir að geta fundið námskeið og hóptíma við sitt hæfi,“ segir Unnur.

„Við erum stolt af því að kynna nýjan dansskóla, Reebok Dance Center, sem er nýstofnaður innan Reebok Fitness líkamsræktarkeðjunnar. Þar ætlum við bjóða að upp á Jazzballett fyrir 11–15 ára, Dansfjör fyrir 10–13 ára, Salsa fyrir fullorðna og Trampólín-fjör fyrir krakka,“ segir Unnur. „Í framtíðinni ætlum við svo að auka við flóruna og bjóða upp á fleiri spennandi dansnámskeið.“

### Eitthvað fyrir alla aldurshópa

„Þar sem við viljum koma til móts við alla aldurshópa ætlum við að bjóða upp á námskeið fyrir 60 ára og eldri sem heitir „Betri heilsa 60+“. Það verður kennt tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum, kl. 10.30 í Faxa-

“**Við erum stolt af því að kynna nýjan dansskóla, Reebok Dance Center, sem er nýstofnaður innan Reebok Fitness líkamsræktarkeðjunnar.**

feni 14,“ segir Unnur. „Það er mikil eftirspurn eftir fjölbreyttri þjálfun fyrir alla aldurshópa og við erum að mæta eftirspurninni með því að auka framboð í heilsuræktinni fyrir eldri borgara okkar.“

### Fjölbreytt námskeið í boði

„Við bjóðum upp á tækjakennslu, en nýliðar geta líka pantað stakan tíma í tækjasal og fengið góða leið-

soðn,“ segir Unnur. „Flestir koma til okkar á byrjendanámskeið, sem eru t.d. Betra líf, 360 Total Body og eftir það mælum við með að fara á námskeiðin Strong Body Burn eða Betra form.

Svo hefur Fusion Pilates námskeiðið slegið í gegn, þar sem tímarnir fara fram í innrauðum hita í sérhönnuðum söllum í Faxafeni,“ segir Unnur. „Kerfið er sérstaklega hannað til að auka vellíðan og er mjög mjúk leikfimi sem hentar til dæmis fólki með vefjagigt, slitgigt og aðra kvilla. Innrauði hitinn hefur líka góð og jákvæð áhrif á allan líkamann.

Við vorum líka að setja af stað nýja hóptímatöflu í Faxafeni,“ segir Unnur. „Vegna eftirspurnar fjölguðum við Body Pump, Hot Yoga, Vaxtarmótun, Ashtanga Vinyasa Flow, Hot Body og Pilates hóptímum.

Dagana 15. og 17. mars bjóðum við svo upp á tvo erlenda gestakennara, Neil Bates og Anthony

Forsyth, sem koma frá Bretlandi og verða með Workshop og opna hóptíma í því allra heitasta í heilsu- og líkamsrækt í dag,“ segir Unnur. „Allir eru velkomnir.

Rétt rúmri viku síðar, helgina 24.-25. mars verður síðan boðið upp á grunnnámskeið í CrossFit, hjá CrossFit Kötlu í Holtagörðum,“ segir Unnur.

